

Starfshópur um leikskólamáli

Starfshópurinn skipa

Jónas Þór Birgisson, fulltrúi fræðslunefndar.

Nanný Arna Guðmundsdóttir, fulltrúi fræðslunefndar.

Páll Janus Þórðarson, fulltrúi foreldra.

Steinunn Guðný Einarsdóttir, fulltrúi foreldra.

Helga Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi skólastjórnenda.

Kristín Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi leikskólakennara.

Halldóra Halldórsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Starfsmenn skólasviðs: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Meginhlutverk hópsins:

- Skoða starfsumhverfi leikskóla í víðum skilningi. Koma með tillögur að úrbótum.
- Sérstaklega verði skoðuð stærð barnahópa og afleiðingar þess mikla álags fyrir börn að vera í stórum hópi í litlu rými, löngum stundum.
- Vinnuaðstaða starfsfólks og rými barna verði skoðað sérstaklega og komið með hugmyndir að leiðum til þess að sporna við álagsvöldum í leikskólum.
- Skoða leikrými og heildarrými barnahópa.
- Koma með hugmyndir að leiðum sem hvetja fólk til að fara í leikskólakennaranám.
- Skoða annað sem hópurinn telur mikilvægt og tengist vinnslu málsins.

Starfshópurinn hefur fundað alls 5 sinnum en fyrsti fundurinn var haldinn þann 24. janúar 2019. Hópurinn hefur víðað að sér margskonar upplýsingum – helst má þar nefna samantekt á gögnum frá okkar sveitafélagi og öðrum til samanburðar. Víða hafa sveitafélög skipað í starfshópa sem eru enn að skoða þessi mál en örfáir hafa skilað frá sér tillögum. Við styðjumst við upplýsingar frá þeim um eftirfarandi atriði, sem hafa ýmist verið samþykkt eða eru enn í skoðun.

Helsta verkefni starfshópsins var að koma með tillögur sem stuðlað gætu að betra náms- og starfsumhverfi barna og starfsfólks í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

Hér koma tillögur hópsins.

Fjöldi barna á kennara

Árið 2008, þegar lög um leikskóla (90/2008) voru samþykkt, voru barngildisviðmiðin tekin út. Sveitafélög virðast þó enn notast við þau sem viðmið í flestum leikskólum.

Barngildisviðmiðin voru eftirfarandi:

5 ára barn, 0,8 barngildi þ.e. 10 börn gefa eitt stöðugildi

4 ára barn, 1 barngildi þ.e. 8 börn gefa eitt stöðugildi

3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi

2 ára barn, 1,6 barngildi þ.e. 5 börn gefa eitt stöðugildi

1 árs barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefa eitt stöðugildi

2017 var samþykkt nýtt líkan fyrir leikskóla í Ísafjarðarbæ:

5 ára barn, 1 barngildi þ.e. 8 börn gefi eitt stöðugildi
4 ára barn, 1,1 barngildi þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi
3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi
2 ára barn, 1,6 barngildi þ.e. 5 börn gefi eitt stöðugildi
1 árs barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefa eitt stöðugildi

Tillaga:

Lagt er til að breytingar verði gerðar gerðar á barngildisviðmiðum leikskólalíkansins þannig að 2 ára börn verð 2 barngildi.

Hvati til menntunnar

Starfshópurinn hefur velt fyrir sér hvaða leiðir þurfi að fara til að hvetja starfsfólk leikskólanna og aðra til að fara í leikskólakennaranám. Í dag eru 10 dagar á önn alls, 20 dagar á skólaári, sem starfsmenn fá launaða, einnig á vettvangsnámstímabili ef unnið er hjá Ísafjarðarbæ.

Tillaga:

Lagt er til að bæjaryfirvöld og Vestfjarðastofa hefji viðræður við háskólana um að fjarnám verði í boði hér fyrir vestan til að auðvelda aðgengi fólks að leikskólakennaranámi og að námsstyrkur verði veittur til að fjármagna ferðir nema í námslotur.

Leikrými nemenda

Starfshópurinn skoðaði rými á hvert barn í leikskólum. Víða hefur verið tekin upp ný rýmisáætlun með það að leiðarljósi að færri börn verði í barnahópum inni í leikskólum og er þannig markvisst unnið að því að bæta starfsumhverfið og minnka álag fyrir kennara og börn.

Samkvæmt byggingareglugerð er gert ráð fyrir að heildarrými á barn sé 7m² og leikrými 3m². Samþykkt hafa verið leikrými 3,5m² hjá þeim sveitafélögum sem voru búin að skoða starfsumhverfi barna og starfsfólks í leikskólum og heildarrými 8-9m²

Tillaga:

Lagt er til að einungis verði talið til leikrýmis það rými sem börnin hafa að jafnaði aðgang að til leiks allan daginn og miðað sé við 3,5m² leikrými á hvert barn, þó verði að taka tillit til yngri barna. Því er okkar tillaga er að horft sé til leiksrýmis barna frekar en heildarrýmis leikskólans.

Lokunardagar vegna skipulags og undirbúnings kennslu

Samkvæmt könnun sem KÍ lét gera hjá sveitafélögum landsins þá eru lokunardagar leikskólanna mismargir frá 4 til 6 (fyrir utan kennarafundardaga). Flestir leikskólar hafa heimild til að halda kennarafundi í lok dags.

Í dag eru 6 lokunardagar í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Þar af eru kennarafundir 16 klst. Skipulags- og námskeiðsdagar eru 4.

Tillaga:

Lagt er til að kennarafundir fari fram í byrjun dags, kl. 8-10 einu sinni í mánuði, alls 10 fundir á ári. Einnig komi til lokunar 1-2 klst. hluta úr degi þá daga sem leikskólinn lokar fyrir sumarfrí og opnunardag eftir sumarlokun, þar sem ekki er hægt að ganga frá húsgögnum og námsgögnum á meðan börnin dvelja í leikskólanum.

Aðrir lokunardagar verða 4 sem nýttir verða til skipulags á kennslu og námskeiða.

Stytting vinnuvikunnar

Skoðað var með hvaða hætti sé hægt að stytta viðveru starfsmanna. Starfshópurinn skoðaði vinnustyttingu frá leikskólanum Hofi og hefur leikskólinn Sólborg verið að máta sig inn í það líkan.

Tillaga:

Lagt er til að leikskólum verði heimilt að fara í vinnustyttingu til reynslu næstkomandi haust sem samsvarar því að starfsmaður í 100% starfi fær 3 klukkustundir í styttingu á viku, þ.e. vinni í heild 37 klst. vinnuviku. Skoðað verður hvernig til tókst í lok skólaársins að vori 2020.

Undirbúningstímar

Samkvæmt kjarasamningi er lágmarksundirbúningstími leikskólakennara 4 klukkustundir á viku og 5 klukkustundir fyrir deildarstjóra. Aðstoðarleikskólakennarar og starfsmenn með aðra háskólamenntun skulu hafa að lágmarki 2 klukkustundir á viku. Í leikskólalíkani Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir að leikskólaliðar hafi 1,5 klukkustund á viku í undirbúningstíma og leiðbeinendur 1 klst., þó það sé ekki í kjarasamningi þeirra.

Tillaga:

Lagt er til að sett sé 15 undirbúningstíma viðmið á hverja deild til skipuleggja starfið. Þannig skapast jafnræði milli deilda til undirbúnings á faglegu starfi.

Þróun vistunartíma barna.

Einn þáttur sem starfshópurinn skoðaði var lengd vistunartíma barna. Langur dvalartími barna í leikskóla er orðin staðreynd og tölur sýna að vert er að hafa af því áhyggjur. Jafnvel er það staðreynd að oft eru börn farin að „vinna“ lengri vinnudag en foreldrar þeirra. Hinn íslenski veruleiki er sá að langflest börn á hvaða aldri sem er dvelja sjö tíma eða lengur í leikskólum.

Eftirfarandi er dvalartími barna á leikskólunum Sólborg og Eyrarskjóli en þar eru um 90% barnanna í 8 klst. vistun eða meira á dag.

4 klst 2 börn

5 klst 2 börn

6 klst. 3 börn

7-7.5 klst 8 börn

8-9 klst. 158 börn